

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum
um kirkjuþing nr. 729/1998.

1. gr.

Í stað „7“ í 1. ml. 3. tl. 18. gr. komi: 6.

2. gr.

Í stað „6“ í 1. ml. 4. tl. 18. gr. komi: 7.

3. gr.

Við 17. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Forseti og varaforsetar mynda forsætisnefnd kirkjuþings. Er hún forseta til aðstoðar við stjórn þingsins. Forsætisnefnd gerir tillögur um fulltrúa til þeirra trúnaðarstarfa sem kosið skal til á kirkjuþingi. Forsætisnefnd skal leggja tillögur sínar fram með hæfilegum fyrirvara og gæta þess að tilnefndur fulltrúi sé tilbúinn að taka starfann að sér.

4. gr.

1. mgr. 19. gr. orðist svo: Þingmál skulu að jafnaði hafa borist forseta kirkjuþings sex vikum fyrir upphaf þings og sendast þingfulltrúum svo skjótt sem auðið er. Skýrsla kirkjuráðs og fjármál þjóðkirkjunnar skulu hafa borist forseta kirkjuþings að jafnaði tveimur vikum fyrir upphaf þings. Forsætisnefnd getur veitt undanþágu frá greindum tímamörkum ef sérstök rök mæla með því. Kirkjuþingsfulltrúar skulu að jafnaði kynna þingmál sín á héraðsfundum og leita eftir umfjöllun héraðsfundar áður en málið er sent forseta kirkjuþings. Forsætisnefnd kirkjuþings getur samþykkt að mál sé lagt fram án slíkrar meðferðar enda séu flutningsmenn tillögunnar þrír hið minnsta.

5. gr.

2. ml. 2. mgr. hljóðar svo: Þingmál skulu lögð fram í upphafi þings.

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2003.

Hulda Guðmundsdóttir,
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2003.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.